

Tillaga að Landsskipulagsstefnu.

Umsögn:

Tillaga þessi er afar yfirgripsmikil þó hún sé ekki tilbúin. Hún er jafnframt mjög metnaðarfull og greinilegt að mikil vinna hefur farið í hana. Við yfirlestur tillögunnar kemur fljótt í ljós hve hún tekur á mörgum ólíkum þáttum og það er helst það sem skilur hana frá öðrum skipulagsstefnum.

Það sem ég óttast í þessari stefnu er að það er næstum allt lífsmynstur fólks tekið fyrir hér. Allt frá minnstu hreyfingu minni sem stefnt er að því að ég auki verulega upp í akstur sem ég á að draga verulega úr. Frá búsetu minni upp í skipulag á hálendi, frá strandskipulagi upp í loftslagsmiðað skipulag.

Ég spyr mig hvort “Stóri bróðir” sé alfarið búinn að taka yfir?

Eða hvort þetta sé allt af hinu góða?

Til umhugsunar er kafli um Loftslagsmiðað skipulag. Bls 13. Þar segir m.a.

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun...

Í kaflanum er aðaláherslan lögð á að einstaklingur leggi sitt af mörkum sem er gott og gilt. En hvað með þátt stjórnvalda í þá veru að fækka álverum og stóriðju sem valda hlutfallslega mestri mengun og útblæstri? Með því að beina sjónum okkar að þeim aðilum, væri hægt að ná takmarkinu um 21% minnkun mun fyrr.

Landslagsskipulagið tekur engan veginn á þessu stóra vandamálinu í okkar þætti í losun á koltvísýringisígildum. Sem dæmi losuðu Alcoa Fjarðará og Norðurál yfir 500 þús tonn koltvísýringisígilda árið 2018. Elkem sem rekur kísilverið á Grundartanga og Rio Tinto Alcan losuðu samtals 729 þúsund tonn. Mér finnst full þörf á því að stjórnvöld horfist í augu við þetta stóra vandamál.

Jákvæðasti kafli er kafli 7.5 þar sem segir að;

verði tryggð góð tækifæri fyrir ólíka aldurs- og félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um þeirra nærumhverfi.

Vonast ég til að við þennan kafla verið staðið á þann hátt að fólk hafi það á tilfinningunni að það hafi stjórn á sínum kringumstæðum.

Bestu kveðjur

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

Varaformaður Samút